

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hörgársveit.

*Deiliskipulagsbreytingar þéttbýlis Lónsbakka.*

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 14. nóvember 2024 breytingu á deiliskipulagi þéttbýlis Lónsbakka sem nær til sama svæðis og breyting sem samþykkt var í sveitarstjórn Hörgársveitar 8. maí 2024 (breytingablað nr. 13). Samkvæmt þessari tillögu er fallið frá gerð undirganga norðan hringtorgs og verður þess í stað leið fyrir gangandi umferð yfir þjóðveginn utan skipulagssvæðisins. Þá eru gerðar breytingar á útfærslu stíga, lóða og lagna. Engar breytingar eru gerðar á greinargerð eða skilmálum deiliskipulagsins.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Breytingin er gerð í samráði við hagsmunaaðila og því er fallið frá grenndarkynningu, sbr. ákvæði 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hörgársveitar, 20. nóvember 2024,*

**Arnar Ólafsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. desember 2024